

Launahækkanir 2009

Almenni samningur:

Þann 1.mars hækka laun á almennum vinnumarkaði og verða lágmarkstekjur fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem hafa starfað fjóra mánuði samfelld hjá sama fyrirtækinu **157.000** kr.

Ríkisstarfsmenn:

Samningur SGS við fjármálaráðherra f.h. Ríkissjóðs er laus 31.mars 2009.

Sveitarfélagsstarfsmenn:

Gildistími samningsins er 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009 með fyrirvara, sbr. yfirlýsingu sem fylgir samningnum.



Veikindi barna

Vegna barna 13 ára og yngri eru 12 dagar

Í þeim samningum sem samþykktir hafa verið á árinu 2008 (með fyrirvara um samþykktan samning við sveitarfélögin) hefur réttur foreldra/forráðamanna verið aukinn úr 10 dögum í 12 daga.



Desemberuppbot 2008

Desemberuppbot er eingreiðsla sem atvinnurekendum ber samkvæmt kjarasamningum að greiða starfsmönnum sínum í byrjun desember ár hvert, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þ.m.t. að því er varðar starfstíma og starfshlutfall á yfirstandandi ári.

Uppgjörstímabilið er almanaksárið, en fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Greitt er hlutfallslega m.v. starfshlutfall. Starfsmaður sem lætur af störfum á árinu eftir 12.vikna starf eða sökum aldurs skal við starfslok fá greidda desemberuppbot m.v. starfstíma og hlutfall. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá vegna veikinda eða fæðingarorlofs eftir að greiðsluskyldu atvinnurekanda lýkur.

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði, iðnverkafólk, þjónusta og starfsfólk ríkisins hefur **44.100** kr í desemberuppbot á árinu 2008.

Starfsfólk sveitarfélaga hefur **72.399** kr í desemberuppbot á árinu 2008, með fyrirvara um að samningur verði samþykktur.

Desemberuppbot í flatarmældri ræstingu ákvarðast af fermetrafjölda. 833,33 fermetrar á mánuði teljast fullt starf og færri fermetrar reiknast hlutfallslega.



Jólafréttabréf


Desember 2008

Verkalýðsfélag
Suðurlands



Verkalýðsfélag Suðurlands
óskar félagsmönnum sínum og
fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári með þökk
fyrir samstarfið.

Jólakveðja,
starfsfólk Vlf.Suðurlands.



Samningur SGS og Launanevndar sveitarfélaga.

Þann 29.nóvember var undirritaður samningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir niðurstaða úr atkvæðagreiðslu en henni á að vera lokið þann 17.des.

Helstu atriði samningsins fara hér eftir:

- Gildistími samningsins er 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009 með fyrirvara, sbr. yfirlýsingu sem fylgir samningnum.
- Ný launatafla tekur gildi frá 1. desember 2008.
- Launataxtar hækka um kr. 20.300.-
- Ný launatafla hækkar sem nemur launaviðbótum á lfl. 117-127 skv. ákvörðun Launanevndar frá 28. janúar 2006 sem voru kr. 2000, kr. 3000, kr. 4000, kr. 4500, kr. 6000.
- Innfærsla á launaviðbótum í taxa hefur áhrif á vaktálagsgreiðslur og yfirvinnu starfsmanna sem taka laun skv. launaflokkum 117-127.
- Starfsmenn í tímamældri ákvæðisvinnu og ræsting samkvæmt fermetragjaldi fá 16% hækkun.
- Orlofsuppbót árið 2009 verður kr. 25.200.-
- Persónuuppbót í desember 2008 verður kr. 72.399.-
- Réttur foreldra til fjarveru á launum vegna veikinda barna er aukinn, úr 10 í 12 daga.
- Nýtt framlag til endurhæfingar verður öflug stoð til að takast á við vaxandi örorku og styðja þá, sem lenda í skertri vinnugetu til áframhaldandi starfa á vinnumarkaði.

Endurskoða skal á samningstímanum innleiðingu og framkvæmd starfsmatskerfisins SAMSTARF og áframhaldandi þróun þess.

Ýmsar upplýsingar og svör

Vaxandi erfiðleikar í íslensku efnahagslífi og ágeng umræða um rekstrarerfiðleika og gjaldþrot fyrirtækja hefur leitt til þess að fjöldi launafólks óttast nú um stöðu sína. Þá liggur fyrir að mörg fyrirtæki hafa að undanförunni verið að segja upp starfsfólki eða minnka starfshlutfall t.d. með því að segja upp yfirvinnu.

Hér fyrir neðan eru brot af spurningum og svörum sem margir velta fyrir sér um þessar mundir.

Hvað eru uppsagnafrestir langir?

Svar: Samkvæmt lögum er uppsagnafrestur eftirfarandi:

Eftir eins árs starf hjá aðilum innan sömu

starfsgreinar 1.mánuður.

Eftir þriggja ára starf hjá sama atvinnurekanda er uppsagnafrestur 2.mánuðir.

Eftir fimm ára starf hjá sama atvinnurekanda er uppsagnafrestur 3.mánuðir.

Kjarasamningar bæta talsvert við þennan lágmarksrétt og fólk er hvatt til að kynna sér það. t.d. ef starfsmaður hefur unnið í 10 ára hjá sama fyrirtæki og er orðinn 63 ára þá hefur hann 6.mánaða uppsagnafrest. (almenni samningur)

Hverjir eiga rétt til atvinnuleysisbóta?

Svar: Atvinnuleysisbætur eiga að tryggja launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan leit að nýju starfi stendur yfir eftir vinnumissi. Atvinnuleysisbætur skiptast í tvo flokka: tekjutengdar atvinnuleysisbætur og grunnatvinnuleysisbætur.

Hvar sæki ég um atvinnuleysisbætur?

Svar: Hjá þjónustuskrifstofu Vinnuálastofnunar í því umdæmi þar sem launamaður er búsettur. Skal fylgja með umsókn vottorð vinnuveitanda um starfstíma, starfshlutfall og ástæðu starfsloka, skattkort og fl.gögn sem við eiga.

Ýmsar upplýsingar og svör

Mér var sagt upp með eðlilegum hætti og sagt að koma ekki meir til vinnu, má það?

Svar: Það má gegn því að atvinnurekandi leggi fram formlega staðfest loforð að laun í uppsagnafresti verði greidd.

Greiðslum vegna umsaminnar yfirvinnu var rift, á ég einhvern rétt?

Svar: Fastri yfirvinnu og sérstökum ráðningarkjörum ber að segja upp með sama hætti og kjarasamningar greina um, um uppsagnafresti.

Fyrirtækið sem ég vinn hjá er gjaldþrota, fæ ég ekki launin mín greidd?

Svar: Vangoldin laun njóta forgangs í þrotabúi fyrirtækja. Séu engar eignir til í fyrirtækinu til að greiða launin/forangangskröfuna, tekur Ábyrgðarsjóður launa yfir kröfuna og greiðir starfsfólki laun.

Á vef ASÍ, www.asi.is er hægt að finna upplýsingaritið Spurt og svarað þar sem m.a. þessar og fleiri spurningar koma fram og svör við þeim.

